



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

10. árgangur 9. tbl.

Október 2013

Bleikt konukvöld



Kvenfélag Skeiðahrepps stendur fyrir bleiku konukvöldi í Skeiðalaug mánudagskvöldið 14. október kl. 20—22, til að leggja baráttu Krabbameinsfélags Íslands lið gegn krabbameini hjá konum.

Ýmsar upptakur og léttar veitingar í boði.

Allar konur velkomnar ☺



Enginn aðgangseyrir en **bleika krukkan** tekur á móti frjálsum framlögum sem munu renna óskipt til Krabbameinsfélagsins.

Mætum sem flestar, með sundfötin að sjálfsögðu, og eigum saman notalega kvöldstund/notalegt kvöldsund.

Stjórn Kvenfélags Skeiðahrepps





Símanúmer á skrifstofu sveitarfélagsins í Árnosi
486-6100 Fax: 486-6120. - skeidgnup@skeidgnup.is
Opið mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00
Sími í áhaldahúsi 486-6118 - Starfsmenn þar:
Ari Einarsson 893-4426 Jóhannes Eggertsson 864-6904

Skilafrestur efnis í næsta fréttabréf er 5. nóv. 2013.

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir

frettabref@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.



Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps Bókahúsinu, Brautarholti.

Krakkar! Fullt af skemmtilegum bókum!

Og alltaf hægt að skila. *Munið lúguna!*

Opið öll fimmtudagskvöld kl.

20:00—22:00.

S: 486-5505 www.gegnir.is



Heilsugæslan Laugarási sími 480-5300

Opið virka daga kl. 8:30 -16:30.

Símatímar lækna virka daga

kl. 9-9: 30 og 13 –13: 30

Vaktsími 892- 8804 - Neyðarsími 112

Apótekið opið mán. - fös. 09:00 - 17:00 S. 486-8655

Hundafangari sveitarfélagsins:
Ragnar Sigurjónsson í síma 859-9559.



Fjallmenn Gnúpverjaafréttar.

Hjá mér eru allskonar óskilamunir eftir fjallferðina sem gott væri að losna við til réttra eigenda. Má þar nefna stígvél, hlífðarbuxur, brúnar rúskinnsskálmar, reiðskór, nokkur sokka og vettlingapör. Frá í fyrra er ljósgrá hneppt lopapeysa. Kannið nú málið hvort eitthvað vantar og hafið samband.

Lilja Loftsdóttir

Ýmislegt til sölu!

Í Áhaldahúsi sveitarfélagsins er ýmislegt til sölu t.d. Þessir forlata 4 hátalarar sem eru vel nothæfir, eitthvað af dýnunum á meðf. mynd eru einnig nothæfar þá eru einnig 2 stæður af kojum (6 rúm í stæðu) stærð 2 m x 90 cm br. og 4 rúm, 2m x 80 cm. Einnig borðið á mynd.

Allt er þetta ódýrt. Hafið samband í s. 893-4426 / 864-6904.



Leið 76

Athugið!

**Ný leið
um Árnes
með Strætó**

**Það er
hægt að
taka strætó
kl. 16:22 í
Árnesi
sem fer
að Flúðum!**

ALLA VIRKA DAGA - tvisvar á dag.

Frá Árnesi	kl. 7:27 og 16:22
Frá Sandlækjarholti	kl. 7:34 og 16:29
Frá Sandlækjarholti	kl. 7:36 og 16:31
Koma í Árnes	kl. 7:43 og 16:38

**Farið frá Félagsheimilinu Árnesi
(strætómerkinu!)**

**Fjölbrautarskólanemendur og aðrir geta geymt bíla
sína á planinu við Félagsheimilið, nóg pláss!**

**Frekari upplýsingar veittar á skrifstofu í Árnesi eða
www.straeto.is**

Fargjöld greidd í Leið 72

(Flúðir-Selfoss-Flúðir)



Glerlistarnámskeið á vegum Kvenfélags Skeiðahrepps

Dagana 12. og 13. nóvember erum við búnar að bóka tíma hjá henni Dagnýju í Þorlákshöfn (Hendur í Höfn www.hendurihofn.is). Hún ætlar að kenna okkur eitthvað sniðugt í glerlist og munum við gera nokkra samsetta hluti eða skálar.

Námskeiðið með súpu og brauði, pasta og hummus kostar 6.500.- fyrir félagskonur.

Ástæðan fyrir því að við bókuðum bæði kvöldin er sú að ef fjöldinn á námskeiðið fer yfir 10, þá þurfum við að skipta hópnum.

Nú þurfum við að fá að vita áhuga hjá ykkur til að sjá hvort við höldum báðum kvöldunum inni eða ekki. Hlökkum til að heyra frá ykkur fyrir **31.október**.

Kær kveðja,

Dísa (661-2923 gauksrimi10@internet.is)

og Hildur (899-1729 hildurh@internet.is).

Matarsmiðju pistill!

Mikið erúið að vera að gera í Matarsmiðjunni undanfarið og nokkrar nýjar vörur eru að líta dagsins ljós. Þeirra helst má nefna vítamín og „þynnku drykkinn“ B.OKAY sem nú er til sölu í flestum 10/11 verslunum og er væntanlegur á fleiri staði, sem og heilsudrykkinn Íslandus sem meðal annars er unninn úr mysu og mun verða seldur í heilsuvöruverslunum og sem „matar minjagripur“ í ferðamannaverslunum. Á döfinni eru einnig nokkur spennandi verkefni sem þó er ekki tímabært að greina frá en við minnum á að allir sem luma á spennandi hugmyndum eru velkomnir að hafa samband við okkur og við skoðum hvernig best er að útfæra þær. Minnum einnig á FB síðuna okkar: www.facebook.com/Matarsmidjan



Hlökkum til að sjá ykkur,



Leikholti

Fréttir frá Leikholti í október 2013

Komiði sæl

Miðvikudaginn 18. sept. sl. fóru börnin í Stórholti í fjöruferð. Lagt var af stað frá Leikholti kl 10:00 í dásamlegu veðri og ferðinni heitið á Stokks-eyri. Þar tíndu börnin þara, kuðunga, steina og krabba. Efniviðurinn sem við tókum með okkur í leikskólann verður notaður í starfinu með börnunum á næstunni. Stækkunargler voru notuð til að rannsaka ýmislegt. Melgresið var einstaklega skemmtilegt og notað í feluleik. Það voru ánægð börn og starfsfólk sem kom til baka í leikskólann um kl 14:00 og veðrið svo meiriháttar að börnin fóru beint út á leikvöll.



Sko, þarna er sjórin.....

Mikið var nú gott að fá samloku og kókómjólk í hádegina ☺



Í Smáholti eru fjögur börn. Þau eru í Gula hóp og Milla er hópstjóri þeirra. Það er margt sem þessi hópur brallar saman. Þeim finnst mjög gaman að vera úti, skoða bækur, klæða sig í stígvél og föt, leika með traktora og bíla og margt fleira. Hér börnin talið frá vinstri: Bára Ingibjörg, Guðmundur Kári, Jörundur og Óðinn Þór.



Elstu börn Leikholts, Ljónahópur: Vésteinn, Saga María, Eyþór Ingi, Anton Óskar, Sindri Snær, Baldur Már og Hrafnkell Flóki.

Fimm elstu börn í Ljónahóp fara í skólaheimsóknir í Þjórsárskóla í vetur. Fyrsta heimsóknin var 3. okt. og það voru mjög spennt börn sem fóru þann morguninn með Helgu og Bjarna skólalárlstjóra.



Það er svo gaman úti og það hefur viðrað vel á drullumall ☺
Gaman.

Frábært að vatns-
lita úti ☺



Það er svo gaman í Leikholti! Gleði, vinsemd og virðing alla daga.

Kær kveðja,
börn og starfsfólk Leikholts.

Íþróttæfingar á fimmtudögum!

Minnum á íþróttæfingarnar strax eftir skóla fyrir 1.– 3. bekk á fimmtudögum í Árnesi!



Ungmennafélögin.



Breyttur opnunartími gámasvæða!

Árnes: þriðjudaga kl 09:00 - 10:30
laugardaga kl 10:00 - 12:00



Brautarholt: miðvikud. kl 09:00 – 10:30
laugardaga kl 13:00 - 15:00

Opið verður fyrir losun heimilissorps allan sólarhringinn á báðum gámastöðvunum. Ef farga þarf dýrahrejum utan auglýsts opnunartíma **hikið ekki** við að hafa samband í

Síma 893-4426.

Fatagámar **Rauða krossins** eru tveir og eru staðsettir á gámasvæðinu í Brautarholti og við Áhaldahúsið í Árnesi!

Fatamarkaðurinn í Bugðugerði 7b, Árnesi!


Til sölu “Second hand” A flokkur af fötum á konur, karla og krakka! Sama verð á öllum stærðum og gerðum! **1.500,- stk.**

Kannski gott að hringja áður ef þið viljið kíkja en ég er yfirleitt heima. Síminn er 663-0289. - Lítið við! Irma.

Leggings, leggjur eða gammósíur

Þægilegar og flottar buxur fyrir konur á öllum aldri.

Líttu við í saumakjallaranum í Skarði og fáðu sérsaumað í þína stærð.



Upplýsingar í síma 863 9689.
Kveðja góð,
Vilborg í Skarði



Fréttir frá Vörðukofavinafélaginu!

Helgina 5.-6 .október fór Vörðu-kofavinafélagið inn í Gljúfurleit til að gera upp gamla kofann þar. Skipt var um allt járnið og kofinn tyrfður og settir gluggar og hurð. Frábær mannskapur vann verkið en þau voru Palli Árnason yfirsmiður, Sigrún, Fossnesi, bræðurnir Björn Hrannar, hleðslumaður, Bergur og Rúnar Björns, frá Skriðufelli, Silli (Sigvaldi) Lóms-töðum, Palli Gunnlaugs, Arnþrúður Sæmundsdóttir, Þorsteinn Ólafs, Ella og Alli Frederiksen og Birgir Frederiksen. Hjartans þakkir til ykkar. Sigrún, Fossnesi.



Kampakátir við hleðsluna ☺
Björn Hrannar og Bergur.



Ánægð og þreytt að verki loku.
Yfirsmiður og formaðurinn. >>>
Ljósm.: Sigvaldi Kaldalóns og Sigrún B.



49. fundur í sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnosi þriðjudaginn 01. október 2013 kl. 13:00.

Mætt til fundar: Jón Vilmundarson, Oddur Guðni Bjarnason, Björgvin Skafti Bjarnason, Harpa Dís Harðardóttir og Gunnar Örn Marteinnsson. Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri ritaði fundargerð. Björgvin Skafti oddviti setti fund og spurðist fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera.

Oddviti kom með tillögu um breytingar á áður boðaðri dagskrá.

Liður 16. Endurnýjun rekstrarleyfis til gististaðar.

Hann óskaði eftir að þessu máli yrði bætt á áður boðaða dagskrá. Ekki komu fram athugasemdir við þessar breytingar.

1. Fundargerð 63. fundar Skipulags- og bygginganefndar. Mál nr. 2,3 og 8 þarfnast staðfestingar. Mál 21 þarfnast afgreiðslu.

Mál nr 2.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir fyrir sitt leyti fyrirhugaða byggingu 720 m² reiðskemmu að Hlemmiskeiði

Mál nr. 3.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir fyrir sitt leyti að fyrirhuguð breyting á notkun fjárhúss í minkahús verði sett í grenndarkynningu og leitað verði umsagnar Heilbrigðiseftirlits.

Mál nr. 8.

Lagðar fram og kynntar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 21. Ágúst til 18. September 2013.

Mál 21.

Deiliskipulag minkabús í landi Ása – Nýtt ferli

Í skipulagsnefnd var lögð fram tillaga að deiliskipulagi fyrir minkabú á spildu úr landi Ása. Lýsing deiliskipulagsins var kynnt skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með auglýsingu sem birtist í Dagskránni, Fréttablaðinu og heimasíðu sveitarstjórnar og skipulagsfulltrúa þann 22. ágúst 2013. Að auki var lýsingin ásamt fylgigögnum send Skipulagsstofnun til umsagnar og til aðliggjandi landeigenda til kynningar. Auk tillögu að deiliskipulagi lá fyrir umsögn Skipulagsstofnunar dags. 6. september 2013 þar sem ekki er gerð athugasemd við lýsinguna, athugasemd Guðjóns Ármannssonar hrl. dags. 15. september 2013 f.h. eigenda jarðanna Stóra-Núps og Skaftholts, og bréf Valtýs Sigurðssonar hrl. f.h. umsækjenda deiliskipulags, þar sem fram koma viðbrögð við innkominni athugasemd og skýrslu Verkfræðistofu Suðurlands varðandi mögulega staðsetningarkosti minkabús. Skipulagsnefndin vísaði

afgreiðslu málsins til ákvörðunar sveitarstjórnar.

Bréf Valtýs Sigurðssonar hrl, f.h. umsækjenda, er nú lagt fram lítillaga lagfært og dagsett í september 2013.

Oddviti hóf umræðu um hæfi sitt varðandi umfjöllun og afgreiðslu málsins Hann hafði kannað hvort um væri að ræða að hann væri vanhæfur í meðferð málsins. Oddviti sagðist hafa aflað sér upplýsinga um hvort svo væri með því að kynna sér dóma er varða hliðstæð mál og telur hann sitt hæfi vera ótvírætt. Gunnar Marteinnsson lagði áherslu á að hann teldi fráleitt að oddviti væri vanhæfur. Oddviti óskaði eftir að greidd yrðu atkvæði um hvort hann væri vanhæfur. Allir sveitarstjórnarfulltrúar samþykktu að oddviti væri hæfur til að koma að afgreiðslu og umfjöllun málsins

Gunnar Marteinnsson tók aftur til máls. Hann gagnrýndi vinnubrögð í málinu. Hann taldi óeðlilegt að sveitarstjórn stæði fyrir því að láta vinna skýrslur sem lúta að útskýringum á aðstæðum við fyrirhugaðar framkvæmdir í Ásum. Gunnar lagði áherslu á að reynt yrði til þrautar undir forgöngu oddvita að ná sátt milli aðila málsins. ‘

Jón Vilmundarson tók til máls. Hann taldi eðlilegt að sveitarfélagið brygðist við álitni úrskurðarnefndar er felldi skipulagið úr gildi þar sem sveitarstjórn hefði ekki uppfyllt rannsóknarskyldu er varðaði staðsetningarkosti og lyktarmengun með því að standa fyrir því að skýrslur um þau mál væru unnar. Bent var á að framkvæmdaraðilar munu greiða kostnað við áður nefnda skýrslugerð.

Samþykkt samhljóða að fresta afgreiðslu málsins til næsta sveitarstjórnarfundar. Oddvita og Gunnari Marteinnssyni falið að ræða við mál aðila.

2. Umsóknir um rekstur ferðaþjónustu í Árnesi.
Sveitarstjóri lagði fram umsóknir frá 15 einstaklingum. Samþykkt að fela oddvita og sveitarstjóra að meta umsóknir og ræða við umsækjendur og leggja tillögur fyrir næsta fund.
3. Haustferð starfsmanna sveitarfélagsins. Samþykkt að sveitarfélagið greiði kostnað við haustferð starfsmanna sveitarfélagsins. Makar greiði sjálfir fyrir kvöldverð.
4. Fundargerðir Velferðarnefndar. Fundargerðir 18, 19 og 20 staðfestar.
5. Svæðisskipulag. Lagt fram og kynnt.
6. Lóðaleiga smábýla. Samþykkt með fjórum atkvæðum að leiga smábýlalóða verði 1 % af fasteignamati lands.
7. Fyrirspurn frá Gunnari Erni Marteinnssyni til oddvita. Gunnar Örn Marteinnsson samþykkir þegar framkomna afgreiðslu vegna fyrirspurnarinnar undir lið 1.

8. Beiðni um styrk til sumardvalar. Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra. Harpa Dís Harðardóttir vék af fundi. Beiðni um styrk að fjárhæð kr. 93.200 samþykkt samhljóða.
9. Endurbætur á heimasíðu sveitarfélagsins. Kostnaður fer að hámarki í 420.000 kr. Samþykkt að veita þeirri fjárhæð til verkefnisins.
10. Inntökugjald ljósleiðara. Samþykkt að kostnaðarþátttaka sveitarfélagsins við lagningu og tengingu ljósleiðara þar sem um fasta búsetu er að ræða verði allt að 100.000. Þó aldrei hærri en sem nemur heildarkostnaði við lagningu og tengingu.
11. Erindi frá kvenfélagi Skeiðahrepps. Beiðni um styrk til baráttuátaks vegna krabbameins hjá konum. Samþykkt að styrkja málefnið um allt að kr. 20.000.
12. Umsögn um tillögu til þingsályktunar. Mál nr. 44. Hlutdeild í veiðigjaldi, tekjur af orkuauðlindum.
Gunnar Örn Marteinsson lagði fram eftirfarandi bókun:
Full ástæða er til að taka undir efni frumvarpsins enda er það eðlileg krafa að hluti þess arðs sem til verður í þeim greinum sem frumvarpið fjallar um verði eftir á þeim svæðum þar sem þau verða til.
Í Skeiða-og Gnúpverjahreppi er framleidd mikil orka sem öll er flutt á brott af svæðinu eftir fjórum áberandi háspennulínum, fasteignagjöld af stöðvarhúsum er langstærsti hluti þeirra tekna sem þessi raforkuframleiðsla skilur eftir í sveitarfélaginu, það er einungis lítið brot af þeim arði sem verður til við nýtingu orkunnar annarsstaðar, meðal annars á höfuðborgarsvæðinu þar sem byggð stendur mun fastari fótum en í þessu sveitarfélagi.
Sveitarstjórn tekur heilshugar undir ofangreinda tillögu og bókun Gunnars.
13. Trúnaðarmál. Fært í trúnaðarmálabók.
14. Undirbúningur stofnunar nýrrar Skólaskrifstofu í héraði. Oddviti greindi frá gangi mála við undirbúning að stofnun nýrrar skólaskrifstofu með aðild Uppsveita, Flóa, Hveragerðis og Ölfuss.
15. Ösk frá Landsvirkjun um breytingu á aðalskipulagi vegna Búrfells 2. Samþykkt samhljóða að fresta afgreiðslu málsins til næsta fundar.
16. Endurnýjun leyfis til reksturs gististaðar að Vorsabæ 2. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti endurnýjun leyfisins.

Mál til kynningar

- A. Framvinduskýrsla Markaðsstofu Suðurlands
- B. Virði flutningakerfis

- C. Orkusveitarfélög fundargerð 14 fundar
- D. Skjalavarsla sveitarfélaga
- E. Fundargerð 800 fundar stjórnar Samb. Sv
- F. Fundargerð 154 fundar Skólaskrifstofu Suðurlands
- G. 469 fundur stjórnar SASS
- H. Framlög úr Jöfnunarsjóði

Næsti fundur ákveðinn 05. nóvember næstkomandi.

Viðvera Björgvins Skafta Bjarnasonar, oddvita, á skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi er alla þriðjudaga frá 09:00 – 12:00.

Fyrrverandi sveitungar í Skeiðahreppi

Ég er að safna saman á einn stað úrslitum úr íþróttamótum Skeiðamanna og Baldurs. Það hefur reynst snúnara en fyrirhugað var, aðallega vegna þess að aðal heimildin, íþróttabók með skráningu frá öllum mótunum finnst hvergi.

Ekki er vitað hver var með bókina síðast, en margir Skeiðamenn muna eftir þessari bók. Vissulega er heimildir víða að finna annars staðar, en þessi bók inniheldur allt það sem þarf.

Þess vegna auglýsi ég eftir þessari bók og bið alla þá sem hafa verið formenn Ungmennafélags Skeiðamanna og formenn íþróttanefndarinnar að kanna í hirslum sínum hvort bókinn leynist þar. Jón M. Ívarsson hefur unnið mjög gott starf með því að leita að upplýsingum víða um þessi mót, en þó vantar mikið inni, þannig að upplýsingarnar í bókinni eru mikilvægar.

Ef einhver er með bókina undir höndum, eða veit örlög hennar, vinsamlegast hafið þá samband við Eirík Jónsson í síma 8970716 eða póstfangið:

eirikurjons@isholf.is

Sárabót

Fyrir alla ----- við öllu.

Sárabót er alhliða græðandi smyrsl unnið úr minkafitu og íslenskum jurtum. Það hefur gert kraftaverk á exemi, útbrotum og er mjög gott fyrir brunasár. Sárabót er bæði fyrir menn og skepnur. Höfum til sölu þetta frábæra krem.

Katrín og Stefán, Ásaskóla.

S: 4866047-8986047-8658776.



Sunnlensk ferðapjónusta – tölum saman

**Samtök sunnlenskra sveitarfélaga býður til málþings
á Hótel Heklu, Brjánsstöðum, 23. október frá kl.12-17.**

Dagskrá

Kl. 12 Létur hádegisverður í boði fyrir gesti

Ísland allt árið	<i>Inga Hlín - Íslandsstofa</i>
Öðruvísi flétta = sérstaða	<i>Knútur Ármann - Friðheimar</i>
Ferðapjónusta - heilsársatvinnugrein?	<i>Þorbjörg Arnórsdóttir - Þórbergssetur í Suðursveit</i>
Afþreying fyrir alla fjölskylduna	<i>Katrín Sigurðardóttir - Skeiðvellir</i>
Matartengd ferðapjónusta	<i>Sölvi Arnarsson - Efsti Dalur</i>
Uppbygging ferðapjónustu	<i>Jóhann Helgi Hlökkversson - Vatnsholt</i>
Veitingasala við náttúruferlu	<i>Elísabet Þorvaldsdóttir - Seljalandsfoss</i>

Kaffihlé

Virði heilsársopnunar upplýsingamiðstöðva á Suðurlandi?

Sandra Brá Jóhannsdóttir, verkefnisstjóri Friðar & Frumkrafta

Ferðapjónusta – hlutverk sveitarfélaga:

Hjalti Þór Vignisson, bæjarstjóri á Hornafirði
Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði
Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga

Pallborðsumræður

Fundarstjóri, Ásborg Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi Uppsveita Árnassýslu

Allir velkomnir,

Þeir sem starfa við ferðapjónustu og aðrir áhugamenn hvattir til að mæta.

Aðgangur ókeypis. Skráning fer fram á www.sass.is



Markaðsstofa Suðurlands

Skálholtsfélagið stendur fyrir málþinginu **Skálholt—hvað ætlar þú að verða?**

í Skálholti, laugardaginn 19. október frá kl. 13:00—16:00.

Framsöguerindi og pallborð.

Enginn aðgangseyrir - Allir hjartanlega velkomnir!

Nánar á <https://www.facebook.com/Skálholtsfelagid>



ÁRSHÁTIÐ HESTAMANNAFÉLAGANNA TRAUSTA, LOGA OG SMÁRA 19. OKTÓBER Í FÉLAGSHEIMILINU Á FLÚÐUM

Húsið opnað kl. 20:00 og borðhald hefst kr. 20:30

Matseðill að hætti meistarakokksins **Bjarna á Blesastöðum**

Sherry bætt Flúðasveppasúpa með léttþeyttum rjóma úr Laugardalnum og nýbökuðu sveitabrauði.

Hægeldaður heiða- lambavöðvi með bearnaise sósu
löguð úr Högnastaðaeggjum,

fersku salati frá garðyrkjubýlum í nágrenninu og
ofnbökuðu rótar-grænmeti úr kálgörðum uppsveitanna.

Kaffi og heimagerð Mika konfekt úr Hrunamannahreppi

Veislustjóri hinn **eini sanni Örn Árnason**
Glens, söngur og gaman úr héraði.

Gleðisveitin **Stuðlabandið**
leikur fyrir dansi fram á rauða nótt.

Verð kr. 6.500. Tekið við pöntunum til 16. október.
Selt verður á dansleikinn eftir kl. 23:30 kr 2.500
Tekið á móti pöntunum á netfanginu:
holmfridur@skalholt.is (síma 856-1545)



HESTAMENN...FJÖLMENNUM OG SKEMMTUM OKKUR SAMAN

Myndlistarsýning í Árnesi!

Gunnhildur Þórunn
Jónsdóttir frá
Hvolsvelli sýnir
olíumálverk í Árnesi



Hún leitar fanga í náttúru landsins
og einnig er íslenska sauðkindin og hestarnir
henni hugleikin í verkunum. Sýningin stendur
fram yfir safnahelgina 3. nóv. alla virka daga
frá kl. 09:00 - 16:00 og
laugardaginn 2. nóv. kl. 13—17.

Allir hjartanlega velkomnir!

Þjóðbúninganámskeið

Áttu þjóðbúning sem þú vilt laga eða
sauma þér nýjan upphlut eða peysuföt??
Ég er að kanna áhuga á að halda þjóðbún-
inganámskeið á Flúðum eftir áramót á
vegum Annríki – Þjóðbúningar og skart.

Námskeiðið byggist upp á fjórum helgum og er námskeiðs-
gjald kr. 115.000,-


Áhugasamir hafið samband í síma 893 6423 eða netfang:

ellajona@ellajona.net



Með von um góðar undirtektir.

Ella Jóna í Tungufelli



Kæru ættingjar og vinir.

Í tilefni af fimmtugs afmæli Sigurðar þann
14. nóvember nk. verðum við með opið hús í félagsheimilinu Árnosi
laugardagskvöldið 16. nóvember nk. frá kl. 20:00.

Okkur þætti gaman að sjá ykkur!
Sigurður og Sigríður Björk, Steinsholti.

Haustfundur Kvenfélags Skeiðahrepps

verður haldinn 26. október kl. 11.00

í bókasafninu í Brautarholti.

Vetrarstarfið o.fl. til kynningar og umræðu.



Vilborg saumakona í Skarði verður á staðnum með
sínar vörur. Boðið verður upp á veitingar í hádeginu.



Nýjar konur sérstaklega velkomnar.

Stjórn Kvenfélags Skeiðahrepps

Hrunaspjall

Fregnir fræðsla og tilkynningar úr Hrunaprestakalli Ólafsvalla-, Hrepphóla-, Hruna- og Stóra-Núpsókna.



Eftir heils árs fjarveru frá störfum mínum hér í prestakallinu þá eru hlutirnir að flestu leyti að færast í sitt fyrra horf. Reyndar er nú orðið nokkuð fámennit á heimilinu, hjónin bara tvö eftir í þessu stóra húsi.

Það er gott að hitta vini og samstarfsfólk að nýju og leitast við að finna leiðir fyrir boðskap frelsarans. Ekki verður þó annað sagt en nokkur skuggi hvíli yfir í kjölfar erfiðra dauðsfalla. Þó er það svo að það er kannski einmitt þegar á bjátar sem hin smærri samfélög sýna styrk sinn. Í samhjálpi og stuðningi og ekki síst virkri samkennd.

Helgihaldið er komið í sinn hefðbundna farveg, ein messa í hverri kirkju í mánuði. Fermingarfræðslan farin af stað en það er að fjörmikill og stór hópur sem hefur hug á að sækja fræðsluna að þessu sinni.

Nú er kominn meiri kraftur í söfnun þá sem Biskup Íslands kynnti í nýjársávarpi sínu. Kallað er eftir því að hver sókn landsins leggi sitt af mörkum. Þetta flókna og mikla tæki sem kallast línuhraðall mun einkum gagnast í baráttunni við krabbamein.

Hægt er að leggja inn á söfnunarreikning 0301-26-050082, kt. 460169-6909.

Einnig er hægt að hringja í söfnunarsíma:

9041000 til að gefa 1000 krónur

9043000 til að gefa 3000 krónur

9045000 til að gefa 5000 krónur

Í næstu messum er ætlunin að láta söfnunarbauk ganga ef einhver kys að leggja málefnum lið með þeim hætti fremur en að leggja inn á reikning eða með því að hringja. Vera má að eitthvað fleira verði gert en það verður þá auglýst síðar.

Helgihaldið framundan:

20. október: Messa á Ólafsvöllum kl. 11:00.

Messa í Hrepphólum kl. 14

3. nóvember: Messa í Hruna kl. 11:00

Messa á Ólafsvöllum kl. 14:00

Til stendur að ætla fermingarbörnum meiri hlut en oft áður við undirbúning og framkvæmd messunnar.

Ég hlakka til samstarfsins, á komandi vetri, við alla sem láta sig framgang kirkju og kristni einhverju varða.

Með blessunaróskum. Eiríkur Jóhannsson.





Heilbrigðisstofnun
Suðurlands

Starf móttökuritara!

Laus er staða móttökuritara við heilsugæslu stöðina í Laugarási. Um er að ræða 50% starfs hlutfall.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi FOSS og stofnanasamningi. Umsóknafrestur er til 25.

okt. n.k. Nánari upplýsingar veitir Anna E. Ipsen, hjúkrunarstjóri, í síma 480-5300 eða á netfangið: annaipsen@hsu.is.

Við mat á umsóknum verður lagt mikið upp úr eiginleikum sem lúta að samstarfi og sveigjanleika, skipulögðum og sjálfstæðum vinnubrögðum, trúmennsku og hæfni í samskiptum. Góð tölvukunnátta nauðsynleg. Hægt er að nálgast umsóknareyðublað á heimasíðu HSu – vefsíða: www.hsu.is

Umsóknum ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist til Önnu E. Ipsen, hjúkrunarstjóra heilsugæslu Laugaráss.



Heilbrigðisstofnun Suðurlands var stofnuð 1. sept. 2004 við sameiningu heilsugæslustöðva á Suðurlandi og Heilbrigðisstofnunarinnar á Selfossi. Þjónustusvæði stofnunarinnar nær til um 20.000 íbúa á Suðurlandsundirlendinu.

Um er að ræða 8 heilsugæslustöðvar, eitt sjúkrahús á Selfossi með 31 sjúkrarúm og 40 hjúkrunarrúm. Alls eru um 225 stöðugildi við Heilbrigðisstofnun Suðurlands.



Til Sölu.

Þessi fallega og ódyra hillusamstæða er til sölu.

Upplýsingar í síma
557-1113

Á bak við eldavélina

Það er hún Petrína Þórunn Jónsdóttir í Laxárdal 1a sem gefur okkur sínar uppskriftir núna.

Ég vil byrja á því að þakka tengdamóður minni fyrir áskorunina.

Þessar uppskriftir eru í miklu uppáhaldi hjá okkur.

Túnfiskpasta (matur fátæka námsmannsins)

Bragðast mun betur en það hljómar :)

400 gr tagliatelle eða annað pasta að eigin vali, soðið skv. leiðbeiningum á pakka.

Olía til steikingar

2 laukar

4-6 hvítlauksrif

1 askja sveppir

1 dós túnfiskur í vatni

1 bréf bacon kurl eða skorið smátt

1 lítil dós tómátpúrra

1 dós hakkaðir tómatar

1 krukka rautt pestó

1 bolli vatn

Ferskur rifinn parmesan ostur, alveg ómissandi.

Aðferð: laukur, hvítlaukur, sveppir og bacon steikt á pönnu þar til allt er orðið mjúkt. Bætið restinni á pönnuna nema parmesan ostinum. Látið malla í góða stund á pönnunni. Blandið svo pastanu saman við og berið fram með rifnum parmesanosti og hvítlauksbrauði eða öðru góðu brauði.

Svo læt ég hér fylgja brauðuppskrift sem ég fékk hjá Guðnýju tengdamóður minni, þetta brauð baka ég einu sinni í viku. Það geymist vel í kæli og er gott ristað.

Gróft brauð með kúmeni

400 gr heilhvæiti

3 tsk lyftiduft

1/2 bolli sólblómafræ

1/2 bolli sesamfræ

1/2 bolli hörfræ

1/2 bolli hveitikím

2 msk hunang

1 tsk salt

2 msk kúmen (má sleppa)

4,5 dl léttmjólk


Fræin eru möluð í matvinnsluvél, þá nýtist fitan betur, öllu blandað svo saman í skál, hrært saman og sett svo í gott brauðform. Bakað við 180° í 40-50 mín

Verði ykkur að góðu.

Ég skora hér með á göngugarpinn og afbragðs ljósmyndarann Einar Bjarnason að koma með uppskrift í næsta fréttabréf.

Kær kveðja.

Petrína.





Hvað er Lions ?

Um 90 Lionsklúbbar eru starfræktir um allt land af konum og körlum. Þeir leggja samfélaginu lið með ýmsum hætti.

Í Lionsklúbbum er lögð rækt við vináttubönd

þar er maður manns gaman.

Kynningarfundur um Lionshreyfinguna verður haldinn á Hestakránni að kvöldi fimmtudags 7 nóvember kl 20:00.

Allir hjartanlega velkomnir.

Kaffiveitingar

Lionshreyfingin á Íslandi


Góðan daginn!

Sófi eða sófasett óskast, ódýrt eða gefins.

Því miður get ég ekki fengið mér sófa þar sem kisur hafa hvílt sig í. (Er með ofnæmi.)

Brynja Bugðugerði 4b Árnesi.

Sími: 690-1796



Þjósárdalur og afréttakortið fæst á skrifstofunni!

Mynddiskurinn um Þjósárdal eftir þá Ara Trausta Guðmundsson og Valdimar Leifsson. Kr 1500,- **Afréttakortið**, af afréttum Gnúpverja, Flóa, Skeiða og Hrunamanna eykur öryggi og er ódýrt, aðeins 500,- **Gott með í pakkann ☺**

Uppsveitir Árnassýslu á Safnahelgi

31. okt.—3. nóv.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Þjórásrstofa Árnasi

Fimmtudaginn 31. október (tími auglýstur síðar.)

Opnunarhátíð Safnahelgar á Suðurlandi.



ÞJÓRSÁRSTOFA

Safnarasýning Upplits í Árnasi

Laugardaginn 2. nóvember 13:00 –17:00

Hin árlega safnarasýning Upplits menningaklasa Uppsveita Árnassýslu verður að þessu sinni haldin í Félagsheimilinu Árnasi.

Safnarar koma með sín einkasöfn og kennir ýmissa grasa.

www.upplit.is

Hrunamannahreppur

Samansafnið á Sólheimum í Hrunamannahreppi

Opið frá kl. 13:00-17:00 laugardag og sunnudag og aðgangur aðeins kr. 500 í tilefni

Safnahelgar. Fjölbreyttir munir og gamlir bílar. www.samansafnid.com

s: 486-6590 og 865-8761 solheimar@vortex.is

Bragginn - leir og kaffi, Birtingaholti 3

Opið laugardag kl. 13:00 - 18:00, sunnudag kl. 13:00 - 18:00

Kaffihús og leirvinnustofa í skemmtilegu jarðhýsi í Birtingaholti.

Matseðillinn byggir á því hráefni sem er að finna í heimasveit

og verður til sölu heimabakað brauðmeti úr mjöli frá

Fjólu í Birtingaholti, ljúfar kökur, ásamt dásamlegu kaffi.

Tengiliður Ásthildur Skúladóttir sími: 847-8384

netfang: bragginn.leirogkaffi@gmail.com

Heimasíða: www.facebook.com/bragginn

Laugarvatn

Héraðsskólinn Hostel á Laugarvatni


Í tilefni af Safnahelgi á Suðurlandi verður 15 % afsláttur af gistingu.

Bókasafnið er opið almenningi og sérstakar afmælis-vöflur á tilboði.

Kaffibolli og vaffla m/rjóma og sultu á 590 krónur.

Lifandi tónlist verður í húsinu á kvöldin og skemmtilegt andrúmsloft.

www.heradsskolinn.is s.537 8060 booking@heradsskolinn.is



Laugarvatn Fontana

Tveir fyrir einn á Safnahelgi á Suðurlandi.

Opið kl. 11:00 - 21:00 alla daga.

www.fontana.is s. 486 1400



Gullkistan á Laugarvatni, Eyvindartunga

Laugardaginn 2. nóvember kl 13:00 – 17:00

Opið hús hjá Gullkistunni

Gestir boðnir velkomnir að kynna sér starfsemi Gullkistunnar og framtíðarhugmyndir.

Listamenn verða á staðnum og einnig verður hægt að sjá verk í eigu Gullkistunnar.

Áhugasamir geta fengið að mála mynd á striga gegn vægu gjaldi.

Tengiliður: Alda Sigurðardóttir sími:8924410

netfang: gullkistan@gullkistan.is

Heimasíða: gullkistan.is

Reykholt



Bjarkarhóll í Reykholti

Föstudaginn 1. nóvember

Ásdís Gígja Halldórsdóttir opnar málverkasýningu.

Kl. 20:00 Bjarni Harðarson verður með bókauppböð og kynningu á nýútkomnum bókum. Höfundar árita og lesa upp úr bókum sínum.

Höfundar Vettlinga úr Vorsabæ árita sína bók og uppböð verður á vettlingum úr bókinni.

Sigríður Jónsdóttir frá Arnarholti kynnir nýja ljóðabók sína Undir ósýnilegu tré.

Ólöf Vala Ingvarsdóttir frá Birkilundi kynnir unglingabókina Bleikir fiskar.

Laugardaginn 2. nóvember

kl. 14:00 prjónakaffi og kynning á jólahekli og prjóni.

kl. 15:00 sultukeppni

www.garn.is s. 587 6655

Café Mika í Bjarkarhól

Laugardaginn 2. nóvember.

Hátíðarkvöldverður.

Fjögurra rétta hátíðarkvöldverður matreiddur úr sunnlensku gæða hráefni úr sveitinni.



Skemmtikvöld.

Mánudagskvöldið 7. október héldu Kvenfélög uppsveitanna saman fræðslu- og skemmtikvöld í Aratungu. Þóra Gylfadóttir og Jón Bjarnason byrjuðu kvöldið á að flytja nokkur lög og var unun að hlýða á.

Edda Björgvinsdóttir hélt svo fyrirlestur sem hún kallaði **Húmor og gleði í samskiptum - dauðans alvara**. Megininntakið í þeim fyrirlestri er að það er miklu heilbrigðara fyrir alla að nota gleði og húmor í öllum samskiptum. Það kom meðal annars fram að þriggja mínútna söngur, dans og gleði brennir fleiri hitaeiningum heldur en 20 mínútna hlaup! Það er nauðsynlegt fyrir líkama og sál að hlæja vel og innilega á hverjum degi og gleði og jákvæðni smitar út frá sér til annarra. Að lokum var sölubás með alls konar sokkabuxum skoðaður og hægt var að gera góð kaup.

Skemmtinefnd Kvenfélags Gnúpverja sá um fordrykk sem var bleikur í tilefni bleiks októbermánaðar. Kvenfélag Biskupstungna sá um að reiða fram léttar og góðar veitingar. Kvöldið var vel heppnað og allir skemmtu sér vel.

Með kveðju. Kvenfélags Gnúpverja.




Fróðleiksögnin!

Hvað haldið þið að tré á Íslandi séu mörg ?

Fræðifólk í skógræktargeiranum heldur því fram gróðursett hafi verið 56 milljónir trjáplantna á Íslandi frá árinu 1899. Svæðið sem þau þekja er milli 37.000 og 38.000 hektarar. Auk þess er talið að um 12 milljónir af sjálfsáðum trjáplöntum megi finna í landinu, aðallega er það íslenskt birki. Náttúran sjálf er því aldeilis að gera sitt við ræktun skóga.

Kristófer.

Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá Margréti Steinþórsdóttur í Háholti, sími 486-6017.



Ágætu sveitungar!

Hestamannafélagið Smári og Ungmennafélög Hrunamanna, Skeiða- og Gnúpverja, þakka öllum fyrir þátttökuna, aðstoð og áhorf við Brokk og skokk keppni sem haldin var í fyrsta sinn á Íslandi þann 23. júní 2013 við Skaftholtsréttir. Fjölmargir tóku þátt í þessari fyrstu keppni sinnar tegundar á Íslandi.

Brokk og skokk er liðakeppni tveggja knapa og eins hests.

Markmiðið er að komast í mark á sem skemmstum tíma. Knaparnir verða að skiptast á að hlaupa og vera á hestbaki. Keppt var í tveimur vegalengdum.

Annarsvegar fjölskylduhringur, u.þ.b. 2,8 km. Þar var leyfilegt að teyma undir ungum börnum allan hringinn. Hins vegar var farinn íþróttahringur, u.þ.b. 6 km. Þar var skylt að skipta a.m.k. fjórum sinnum um knapa á leiðinni. Átta lið kepptu í þessari fyrstu keppni og skemmtu sér konunglega. Stefnt er að því að halda þessa keppni árlega.

Við þökkum öllum þeim sem studdu keppnina með aðstoð og framlögum! Sérstaklega Vinum Skaftholtsréttar, Landstólpa, Versluninni Árborg, Sláturfélagi Suðurlands, Mjólkursamsölunni á Selfossi, Samfélagssjóði Landsvirkjunar og Björgunarsveitinni Sigurgeir.

Hlökkum til að sjá ykkur á næsta ári um Jónsmessu!

Bestu kveðjur, Brokk & Skokk Nefndin

Haustfundur

Kvenfélags Gnúpverja

verður haldinn í Þjórsárskóla

22. október næstkomandi kl. 20:30.

Nýir félagar velkomnir. Hvetjum

allar konur til að mæta. Stjórnin



Körfuboltaæfingar í Árnesi

Nú er körfuboltaæfingarnar að hefjast í Árnesi hjá UMF Gnúpverja. Æfingar eru á fimmtudagskvöldum kl. 20:30. **Nýjar körfur.**



Allir velkomnir - konur og karlar!

UMFG.



Þjórsárskóli
Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Íþróttamót

Við krakkarnir í
6. - 7. bekk
förum á frjáls

íþróttamót á Laugarvatni seinnipartinn í september. Við kepptum í langstökki, spretthlaupi og kúluvarpi. Það var skipt í stelpu og stráka hópa. Okkur gekk mjög vel á mótinu og þótti mjög gaman. Skólinn fékk viðurkenningarskjal heim.

Edda Guðrún (nemandi í 6. bekk)



Leikskólinn í heimsókn

Samvinna og tengsl skólastiga veitir börnum mikið öryggi þegar þau fara á milli skóla. Elstu börn leikskólans Leikholts komu í fyrstu heimsóknina í skólann núna í byrjun október. Þau koma á fimmtudögum og verða inni í kennslustundum með 1.-2.bekk. Unnið verður með „Kárius og Baktus“ þema auk þess sem börnin kynnst skólaumhverfi sínu og starfsfólki. Eldri nemendur tóku vel á móti þeim yngri og voru dugleg að aðstoða þau í leik og starfi.



Útistærðfræði

Nemendur í 1.-4. bekk fara stundum í útistærðfræði. Þar er farið í hugtakakennslu t.d. þriðji hver, form og stærðfræðitákn. Á myndinni eru nemendur að mynda þríhyrninga og tölustafi.

Kynning á námsefni vetrarins

Námsefniskynning var í skólanum miðvikudaginn 2. okt. kl 14 :30. Kennarar voru þá með kynningu á efni og skipulagi og námsmarkmiðum vetrarins. Þetta er mikilvægur liður í samstarfi heimilis og skóla og leið til að koma upplýsingum á milli um námsefni og kennslu-hætti.

Forskóli/ hljóðfæraforskóli

Tónlistarskóli Árnesinga býður nemendum í 2. bekk upp á for-skólakennslu, í samvinnu við grunnskóla. Kennslan fer fram á miðvikudögum í skólanum, í litlum, hóp þar sem unnið er með söng, rytma og blokkflautu. Hér má sjá nemendur æfa sig.



Kennarabþing

Hautþing kennarafélags suðurlands var haldið á Hvolsvelli 3.okt.- 4.okt. Boðið var upp á fyrirlestra, faggreinafundi og smíðjur. Allt var þetta mjög fræðandi og bæði gagnlegt og gaman að hitta aðra kennara og deila reynslu og hugmyndum.

Kveðja úr skólanum

Kristín og Bolette

Íþrótt og æskulýðsstyrkur !

**Foreldrar, forráðamenn barna á aldrinum
6—18 ára með lögheimili í Skeiða- og Gnúpverjahreppi,
(átt er við afmælisárið.)**

Mínum á æskulýðsstyrkinn kr. 50. þúsund sem hvert barn getur nýtt sér á þeim aldri ef viðkomandi stundar viðurkennt íþrótt eða tómstundastarf og á lögheimili í sveitarfélaginu!

Skila þarf **frumriti kvittunar eða reiknings**

með umsókninni. Umsóknareyðublað á
www.skeidgnup.is/stjornkerfið/eyðublöð.

Nánari upplýsingar á skrifstofunni 486-6100.

Réttir 2013



Flóa og Skeiðafé við
Skaftholtsréttir.

Frú Valgerður Hjaltested á
Minna-Hofi á leið í kaffi!



Rekið inn í
Skaftholts-
réttir.
Mál manna
var að féð
væri frekar
misjafn
eftir þetta
rigningar-
sumar.

VIOLA **snyrtistofa!** Högnastíg 1 Flúðum

Verður lokuð frá
7. október – 27. október
Hlíf - Sími 856-1599.





Brottför úr Reykjavík, Héðinsgata 1 –3
Mánudaga til föstudaga **kl. 13:00**
Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. **14:00.**
Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Vantar þig sérstaka gjöf?

Hef til sölu ýmsa handunna muni úr minkaskinni og roði. Hálsfestar, hálskraut, eyrnalokka, armbönd, bókamerki, vasapela og fleira. Sérstæðir munir sem ekki fást annars staðar.

Komið og lítið á úrvalið.

Katrín, Ásaskóla, sími: 898-6047 / 486-6047.





Kynnið ykkur fjöl-
breytta viðburðadag-
skrá á www.upplit.is
allir velkomnir!



Opnunartími í vetur er frá 11–21 alla
daga vikunnar.

Krafturinn úr náttúrunni hjálpar þér
að ná jafnvægi!

<http://www.fontana.is/is>

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM SMÍÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866

OPIÐ: VIRKA DAGA 9-18

LAUGARDAGA 11-14



Flúðaleið ehf



Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

kl 12:00 frá Landflutningum og kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693 netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Vatnsdallar - Vatnskör

SUEVIA



SU1000120
Vatnsd. grænn -
gæðaplast



SU1000066
Vatnsdallur svartur
plasthúðað stál



SU1001210
Vatnsd. Grænn,
Stór/plast



SU1000130
Vatnsd. Grænn plast
m/floth.



SU1000140
Vatnsd. Grænn plast
í fjárhúsið



SU1300600
Drykkjartrog
með flotholti



SU1305702
Veltanleg
vatnskör ryðfri,
1 m, 1,5 m, 2 m



SU1310700
Flotholt
í veltanl. vatnskar
Model 700



SU1800326
Nippilstútur



SU1310513
Flotholt í húsi
f/drykkjarkör

Skágrindur, milligrindur, milligerðir, stólpar og festingar ýmiskonar.

Skágrindur



Milligrindur



Saltsteinar - steinefna- og vítamínblokkir - steinefnafötur



**Saltsteinn
Natur 10 kg.**
Saltsteinn



**Saltsteinn
Plus 10 kg.**
Saltsteinn með
viðbættu magnesíum,
seleni og jóði



**Steinefnablokk
Uniblock 10 kg.**
Sleikiblokk með kalsíum,
magnesíum, jóði, seleni
og vítamínum



Vítamínblokk
Sleikiblokk með hátt
hlutfall vítamína og
snefilefna ásamt
seleni. Bragðgóð og
veðurþolin **10 kg.**

Steinefnafata Mineraleimer 25 kg.



Aðliða
steinefnafata fyrir
kýr og hross
Ekki fyrir sauðfé

Steinefnafata Phosphoreimer



Steinefnafata með háu
fosfór og seleninnihaldi
Fyrir nautgripi,
sérstaklega fyrir geldkýr
**Ekki fyrir sauðfé
20 kg.**



Steinefnafata 15 kg.
Universalschale

Aðliða steinefnafata fyrir sauðfé



Gunnbjarnarholti
801 Selfoss
480 5600
landstolpi.is

Opnunartími sundlauga í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Neslaug

s: 486-6117



Þriðjudaga: 18 — 22

Laugardaga: 11 — 16

Skeiðalaug

s: 486 5500

Fimmtudaga: 18 — 22

Sunnudaga: 11 — 16

Frítt í sund fyrir 18 ára og yngri og 67 ára og eldri
sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu.

Vörur tengdar sundi seldar í afgreiðslum lauganna.

Hætt er að selja ofan í laugarnar hálf tíma fyrir lokun.

Drykkjarsjálfsali í Skeiðalaug.

Umsjónarmaður.

Eypór Brynjólfsson



Skeiðalaug
lýst upp með
bleikum
ljósum út
október.

Ljósm.:
Bryndís Baldurs.

Sveitarfélagið
tekur þátt í
baráttu
Krabbameins-
félags Íslands
gegn krabba-
meini hjá
konum.